



LEIKSKÓLINN
SJÁLAND

-náttúruleg gleði

Námskrá

Leikskólinn

Sjáland

Ída Björg Unnarsdóttir

Endurskoðuð og endurútfingin haust 2023

Ábyrgðaraðilar: Hildur Edda Grétarsdóttir og Anna Rannveig Aradóttir

Útgefin 2014

Þessi námskrá er eign Sjálands ehf.

Ekki má afrita þessa námskrá með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild sinni, né nýta úr henni hugmyndir án skriflegs leyfis eigenda Sjálands ehf.

Efnisyfirlit

Gæðahandbók Leikskólans Sjálands.....	3
Saga skólans	4
Gæðastefna	5
Gildi okkar.....	5
Starfsrammi leikskóla	6
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	7
Barnvænt samfélag.....	7
Lög um leikskóla	8
Aðalnámskrá leikskóla	9
Grunnþættir menntunar	9
Námssvið leikskóla	11
Skólastefna / Menntastefna Garðabæjar.....	12
Námskrá leikskólans Sjálands.....	13
Fjölvisistefnan – hugmyndafræðin	14
Leiðir	18
Skipulagið	18
Dagskipulag skólans.....	18
Fjölbreytt verkefnaval	19
Opinn efniviður.....	19
Hlutverk kennarans	20
Einstaklingsmiðað nám.....	21
Aðlögun – upphaf skólagöngu.....	21
Líkir leika best	22
Skólaföt.....	22
Námsbók barnsins – einstaklingsmappa (portfolio).....	23
Virðingarríkar samskiptaleiðir	24
Snemmtæk íhlutun	26
Sérkennsluteymi	26
Sérkennsla	28
Skil milli skólastiga.....	29
Áhersla á persónuleg samskipti.....	31
Innra mat	32

Gæðahandbók Leikskólans Sjálands

Gæðahandbókinni er ætlað að skilgreina alla mikilvæga verkferla sem snúa að rekstri skólans. Í grunninn byggir hún á því starfi sem mótað hefur verið í námskrá skólans og hugmyndafræði í anda fjölgreindarkenningar Howard Gardner auk þess að taka til fleiri þátta. Rík áhersla er lögð á að innra gæðamat sé í samræmi við þær kröfur sem fram koma í reglugerðum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þar sem m.a. viðtöl við foreldra, sjálfsmat starfsfólks og mat barna er notað til að bæta starfið og tryggja/auka vellíðan allra aðila sem koma að starfinu.

Gæðahandbókin samanstendur af;

- » Þeim lagaramma sem skólanum ber að fylgja eftir
- » Hugmyndafræðilegri nálgun í starfi skólans
- » Starfsramma skólans;
 - **Verklagsreglum:** þær innihalda lýsingu á öllum mikilvægum verkferlum sem til staðar eru. Í þeim kemur fram hvað þarf að gera, hvenær þarf að framkvæma viðkomandi verk, hver ber ábyrgð á framkvæmd einstakra verkþátta og hvar skal skrá upplýsingar um verkferlið. Með skráningu er rekjanleiki tryggður auk þess sem hægt er að nýta þær upplýsingar til að stuðla að sífelldum endurbótum í starfinu.
 - **Starfslýsingum:** notaðar til að skilgreina stöðu og ábyrgðarsvið hvers og eins.
 - **Vinnulýsingum:** notaðar ef lýsa þarf nánar hvernig framkvæma á verkferli eða hluta verkferils sem lýst er í verklagsreglu.
 - **Eyðublöðum:** ýmis stöðluð eyðublöð sem starfsmenn og stjórnendur skólans nýta til skráningar á starfinu.

Saga skólans

Leikskólinn Sjáland var stofnaður í kjölfar útboðs á vegum Garðabæjar um byggingu og rekstur leikskóla í Sjálandshverfinu. Leikskólinn er einkarekinn af Sjálandi ehf.

Skólinn opnaði 15. ágúst 2005 og var þá tekið á móti 33 nemendum á aldrinum 18 mánaða til 5 ára. Fyrsta skólaár hafði skólinn aðstöðu í Sjálandsskóla því bygging hans var ekki tilbúin. Í upphafi starfaði skólinn í anda hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Lögð var mikil áhersla á einstaklingsmiðað nám og græn gildi. Skólinn stefndi að því að umhverfismennt yrði í hávegum höfð í öllu starfinu.

Í júlí 2006 flutti leikskólinn í eigið húsnæði. Það var ævintýrlegt því leikskólinn flutti á einni helgi og ekki þurfti að skerða starfið á nokkurn hátt. Því mátti þakka frábærum starfsmönnum skólans og hjálpsömum nemendum enda tóku þeir virkan þátt í flutningunum.

Frá árunum 2006 – 2009 fjölgaði nemendum jafnt og þétt og árið 2009 var skólinn fjölmennasti leikskólinn í Garðabæ með 114 nemendur. Frá árinu 2009 – 2013 fjölgaði nemendum áfram afar mikið og haustið 2013 var skólinn enn og aftur sá fjölmennasti í sveitafélaginu og þá með 160 nemendur, og um 50 starfsmenn bæði í fullu starfi og í hlutastarfi. Árið 2013 var jafnframt tímamótaár í sögu skólans þar sem Sjáland ehf. gerði viðbótarsamning við Garðabæ um rekstur á rými í Sjálandsskóla til þriggja ára. Rýmið var ætlað fyrir Skólakjarna, sem er ætlaður elsta hópnum í skólanum. Kjarninn nýtti enn fremur önnur rými í samkomulagi við Sjálandsskóla svo sem; íþróttasal, matsal, bókasafn og fleira.

Það hefur alltaf verið kraftur í starfi skólans og mikið hugsjónarstarf unnið. Markmið frá stofnun skólans hefur verið „Skóli í þróun“ og mikill sveigjanleiki í að þróa faglega starfið og stefnu hans. Í því ljósi setti skólinn fram nýja fagstefnu sem byggir á fjölgreindarkenningu Howard Gardner og nefnist hún **Fjölvisistefnan**. Hún var samþykkt af hálfu Garðabæjar vorið 2009 og innleidd í skólastarfið haustið 2009. Í Fjölvisistefnunni er áhersla á að allir hafi jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum. Markvisst er unnið að því að efla þroska barnanna og þá sérstaklega félagsþroskann og sjálfsmynd þeirra með fjölbreyttu verkefnavali og jákvæðni í starfi.

Skólinn hefur lagt mikla áherslu á umhverfisvernd og umhverfismenntun. Í desember 2008 fékk skólinn alþjóðlega umhverfisviðurkenningu **Grænfánann**, fyrstur leikskóla í Garðabæ. Viðurkenningin hefur verið skólanum mikil hvatning um þann árangur sem unnið hefur verið að frá upphafi skólans um að leggja áherslu á umhverfismennt og sjálfbærni.

Það mun vera metnaður skólans að halda áfram á þeim grunni sem byggður hefur verið en horfa ávalt til framtíðar.

Gæðastefna

Það er stefna allra innan skólans að vinna skv. gæðastefnu hans;

- Það er stefna okkar að vera leiðandi í faglegu og árangursríku skólastarfi og efla ímynd þess. Vera fyrirmynd annarra í uppeldis og menntamálum, og hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu. Virkja fjölbreytileikann og byggja á jákvæðu viðhorfi og gleði. Efla umhverfishugsun, heilsusamlegt líferni og náttúrulega gleði.
- Það er stefna okkar að þjónustan uppfylli ávallt væntingar barna, foreldra og sveitafélags, og að við skilum ávallt afburða gæðum í faglegu skólastarfi.
- Það er stefna okkar að starfsemin uppfylli ávallt þær opinberu kröfur sem lög og reglugerðir segja til um og gilda um rekstur skóla hverju sinni.
- Það er stefna okkar að beita aðferðum altækrar gæðastjórnunar þar sem allir starfmenn skólans taka virkan þátt í að framkvæma reglulega stöðumat og vinna stöðugt að umbótum
- Það er stefna okkar að koma upp og viðhalda gæðakerfi sem er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ÍST ISO 9001.


Gildi okkar

-náttúruleg gleði

- Náttúruna og umhverfið
- Virðingu fyrir umhverfinu, börnunum og okkur sjálfum
- Náttúrulegan efnivið, nægjusemi og nýtni
- Sjálfsprottna gleði sem kemur innan frá
- Fagna margbreytileikanum

Starfsrammi leikskóla

Sá rammi sem settur er leikskólum er mikill og mörgu þarf að fylgja til að skila öflugum og faglegum skólastarfi. Eins og sjá má á mynd hér til hliðar er að mörgu að hyggja. Réttindi barna er sá þáttur sem allt skólastarf byggir á. Í Barnasáttmálanum sem er lögfestur af Alþingi kemur m.a. fram réttur barns til menntunar og tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi. Allt skólastarf byggir á lögum og reglugerðum sem Mennta- og menningamálaráðuneytið setur. Að auki gefur ráðuneytið út aðalnámskrá en hún er leiðarvísir fyrir starf leikskóla. Sveitafélaginu ber að setja sér stefnu í skólamálum og gerir kröfu um að hún sé virk í starfi skólans. Skólinn virkjar hana með útgáfu á skólanámskrá, sem er yfirmarkmið alls starfs innan skólans.



Í okkar skóla setjum við okkur síðan undirmarkmið hvers kjarna sem tryggir ákveðið flæði á milli kjarnanna. Hver kjarni setur sértæk annarmarkmið sem eru breytileg og taka mið af starfsáætlun, umbótaáætlun síðustu annar ásamt barna- og starfsmannahópnunum.

Nánar verður farið yfir hvern þátt í næstu köflum.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

„Menntun á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálssu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðalyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins“

(Barnasáttmáli I hluti. 29. grein)

Árið 1992 var Barnasáttmálinn löggiltur fyrir Íslands hönd. Felur það í sér að Ísland er skuldbundið til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Þann 20. febrúar 2013 var Barnasáttmálinn lögfestur og er nú hluti af íslenskri löggjöf. Sáttmálinn felur í sér alþjóðaviðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar sem hafa fullgild réttindi óháð réttindum hinna fullorðnu. Í sáttmálanum eru ýmis grundvallarréttindi sem tryggja börnum sérstaka vernd og umönnun, einnig kemur fram ný sýn á hlutverk og stöðu barna það er að þau eiga öll rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu (barnasáttmáli.is, e.d.).

Barnvænt samfélag

Í kjölfar lögfestingar árið 2013 hefur eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við að innleiða sáttmálann til muna og hafa sveitarfélögin nú fengið góðan stuðning til að tengja daglegt líf barna við mikilvæg atriði sáttmálans. UNICEF á Íslandi hóf árið 2016 í samstarfi við umboðsmann barna að þróa verkefnið *Barnvæn samfélög* og hafa samtökin umsjón með verkefninu með ráðgjöf og fræðslu.

Lög um leikskóla

Starf skólans byggir á lögum um leikskóla sem mennta og menningamálaráðuneytið gefur út. Þar kemur fram að leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast uppeldi, umönnun og menntun barna undir skólaskyldualdri í samvinnu við foreldra. Velferð og hag barna skal ávallt hafa að leiðarljósi í öllu starfi skóla. Börn eiga að njóta umönnunar, menntunar, að þeim sé búið hollt og hvetjandi námsumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Mikilvægt er að nám barna fari fram í leik og skapandi starfi þar sem fjölbreytileikinn er hafður í fyrirrúmi.

(Lög um leikskóla, 2008, 1.gr.)

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi meðal annars að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta (lög um leikskóla nr. 90/2008, kafli 1. 1. og 2. grein).

Einnig gefur ráðuneytið út reglugerðir sem eru ítarlegri útlistun á því hvernig framfylgja skal lögum um leikskóla í starfi skólanna.



Aðalnámskrá leikskóla

„Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og er hlutverk hennar að vera rammi utan um skólastarfið og til leiðbeiningar um tilgang þess og markmið. Í henni birtist ákveðin heildasýn á menntun og útfærir menntastefnuna sem birtist í lögum. Aðalnámskrá er nokkurs konar samningur þjóðar um þá menntastefnu sem lögin fela í sér“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 9)

Hlutverk aðalnámskrár er að vera leiðbeinandi um þá þætti er varða stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Hún er sveitarfélögum til leiðbeiningar við gerð skólastefnu, gefur stjórnendum og kennurum sveigjanlegan ramma til finna leiðir að markmiðum í starfinu. Námskráin er sáttmáli í þágu barna sem byggir á heildar sýn á barnið með hagsmuni og velferð þess að leiðarljósi. Einnig er hún upplýsingarit fyrir foreldra um viðmið og kröfur um menntun barna. Hver leikskóli þróar sínar starfsaðferðir og geta þeir farið ólíkar leiðir að markmiðum sínum allt eftir þeirri hugmyndafræði sem skólarnir vinna eftir. Leiðirnar eru síðan settar fram í skólanámskrá og starfsáætlun skólanna (Aðalnámskrá, 2011, bls. 29).

Grunnþættir menntunar

Almenni hluti Aðalnámskráar, sem á við öll skólastig, byggir á sex grunnþáttum sem eiga að vera leiðarljós við námskrárgerð. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu, starfsháttum hans, samskiptum og skólabrag. Grunnþættirnir snúast um að vera læs á samfélagið, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn geti byggt sig upp andlega og líkamlega, geti bjargað sér í samfélaginu og unnið með öðrum (Aðalnámskrá, 2011, bls. 14-15).

- **Læsi:** Grunnþátturinn læsi hefur oftast en ekki verið tengt við kunnáttu og færni sem fólk þarf á að halda til að geta fært hugsanir sínar í letur og skilið prentaðan texta. Skólar hafa litið svo á að þessi færni sé bundin við einstaklinginn og annað hvort er hann læs eða ekki. Læsi með nýjum formerkjum snýst hins vegar um að gera nemendur læsa á allskyns mál og þjálf þá í að búa til ýmis konar efni. Læsi í víðum skilningi er því færni til að nota mörg táknerfi og miðla til að skapa merkingu og koma henni á framfæri (Aðalnámskrá, 2011, bls. 16).
- **Sjálfbærni:** „Markmið sjálfbærrar þróunar er að fólk leitist við að uppfylla þarfir sínar á hverjum tíma án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að gera slíkt hið sama“ (Sigrún Helgadóttir, 2011, bls. 7). Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera einstaklingnum kleift að takast á við ný viðfangsefni sem snúa að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í menntun til sjálfbærni felst einnig að skapa samfélag sem er samábyrgt það er að sérhver einstaklingur innan þess beri virðingu fyrir sér, samfélaginu og umhverfi sínu. Sjálfbærni menntun stuðlar einnig að menntun til aðgerða. Í því felst að stuðlað sé að

þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og þannig unnið að því að börn og ungmenni hafi áhuga og vilja til þess að taka þátt í samfélaginu (Aðalnámskrá, 2011, bls. 18).

- Heilbrigði og velferð: “Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis” (Aðalnámskrá, 2011, bls. 21) Börn verja stórum hluta dagsins í leikskóla því þarf að huga vel að því að skólabragurinn sé jákvæður og umhverfið heilsueflandi. Þeir þættir sem leggja þarf mesta áherslu á eru til dæmis hreyfing, næring, hvíld og andleg vellíðan (Aðalnámskrá, 2011, bls. 21)
- Lýðræði og mannréttindi: Skólar þurfa að taka mið af því í starfi sínu að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því þurfa þau að læra um lýðræðissamfélög. Einnig þurfa skólar að taka tillit til manngilda hvers og eins í öllum sínum starfsháttum. „gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“ (Aðalnámskrá, 2011, bls. 19).
- Jafnrétti: Markmið jafnréttismenntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er meðal annars að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum og að rækta hæfileika sína. Skóli án aðgreiningar er hluti af þeirri skilgreiningu en í skólum án aðgreiningar er margbreytileika tekið fagnandi og einsleitni hafnað. Einnig fjalla grunnþættir menntunar um kynjajafnrétti, menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir, fötlun, aldur, stétt og búsetu, jafnrétti í skólum og fleira. Að auki eiga skólar að stuðla að góðum samskiptum og fá börn til að leggja sitt af mörkum á jafnréttisgrundvelli. Í skólastarfi eiga allir að taka virkan þátt í að skapa samfélag réttlætis. Jafnrétti er einnig skilgreint sem regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta svo sem; aldur, fötlun, kyn og svo framvegis. Einnig ber að leggja áherslu á að stúlkur og drengir fái sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins sem er (Aðalnámskrá, 2011, bls. 19-20).
- Sköpun: Í skólastarfi hefur sköpun oft verið skilgreind eingöngu sem sjónlistir þ.e. myndlist, ljóðlist, leiklist og fleira. Sköpun sem grunnþáttur menntunnar er þó mun víðara hugtak en það. Skapandi skólastarf felst ekki síður í því að fá nemendur til að koma með hugmyndir og taka þátt í ákvörðunum. Skapandi hugsun felur í sér forvitni, leit að svörum og tilraunir. Skapandi hugsun, lausn ágreiningsmála og geta til að rökræða og ígrunda er án efa þættir sem sterkur samfélagsþegn þarf að búa yfir. Í ritröð um grunnþætti menntunnar er talað um að sköpun sé ferli sem byggist á ímyndunaraflinu og niðurstaðan sé í senn frumleg og hafi eitthvað gildi (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2011, bls. 18-19).

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru þeir þættir sem leggja ber áherslu á í leikskólauppeldinu og skapa heildstæðan ramma um uppeldi og menntun. Námssvið leikskóla eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti: börn hafa mikla þörf fyrir að eiga í samskiptum við aðra og eru miklar félagsverur. Þau eru dugleg að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar sem og tilfinningar sínar og líðan. Ekki nota öll börn sömu leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Þau nota til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu. Í samskiptum við aðra og í leik efla börnin félagsfærni og styrka sjálfsmynd sína. Læsi í sem víðasta skilningni er stór þáttur í samskiptum barna og felur í sér þá þekkingu, leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og geta tjáð upplifun sína, tilfinningar og skoðanir sínar á sem fjölbreyttastan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 42).

Heilbrigði og vellíðan: hreyfing er börnum eðlileg og hefur mikil áhrif á líðan þeirra. Í gegnum hreyfingu læra börn og veitir hún þeim gleði og ánægju. Í leikskólanum gefst tækifæri til að kenna börnum um mikilvægi þess að tileinka sér heilbrigða lífhætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Börn ættu að fá tækifæri til að hreyfa sig bæði frjálts og í skipulagðri hreyfingu í leikskólanum því hreyfing og vellíðan áhrif á jákvæð samskipti barna við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Sjálfsmynd barna og trú þess á eigin getu er nátengd líðan barnsins í leikskólanum því ættu daglegar athafnir barns í leikskólanum sem eiga að andlegri vellíðan og líkamlegri heilsu þess (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 43).

Sjálfbærni og vísindi: til að kanna og skilja umhverfið sitt beita börn margvíslegum aðferðum. Þau nota skilningarvit sín og rökhugsun til að draga ályktanir og skapa þannig nýja þekkingu. Börn læra í gegnum fyrri reynslu sína og því þarf að byggja á henni til að búa til nýja og merkingarbæra reynslu. Einnig þarf að hafa í huga að tengja saman þau viðfangsefni sem unnið er með eins og náttúru og samfélag og vísindi og tækni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 44).

Eitt af hlutverkum leikskóla er að hvetja börn áfram í þekkingarleit sinni og fá þau til að spyrja spurninga og leita lausna. Með því að fylgjast með börnum við þekkingarleit gefst tækifæri til að átta sig á því hvernig þau hugsa og hver þeirra skilningur er. Þá gefst tækifæri til að byggja ofan á þekkingu þeirra og færni með nýjum efnivið og hugmyndum.

Einnig ber leikskólum að efla vísindalega hugsun barna með því að kenna þeim að finna tengsl, orsök og afleiðingu og þannig efla skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 44).

Sköpun og menning: Í skapandi vinnu með börnum á starfið ávalt að beinast að ferlinu sjálfu og því námi sem á sér stað þegar ímyndun, hugmyndir og tilfinningar fá að njóta sín. Leitast ætti við að í leikskólaumhverfið styðji við sköpunarkraft barna og örva skynjun þeirra. Menning er nátengd leikskólafinu og tengist því á margan hátt en leitast ætti við að kynna fyrir börnum fjölbreyttri menningu og listum. Einnig að börn taki þátt í því að móta menningu leikskólans með því að taka þátt í viðburðum og hátíðum sem tengjast barnamenningu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 45).

Skólafélagið / Menntafélagið Garðabæjar

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) kemur fram að sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og setja almenna stefnu um skólalæsi í sveitarfélaginu.

(Lög um leikskóla nr.90/2009. II kafli, 4.gr.)

Skólafélagið Garðabæjar út endurskoðuð árið 2022 en stefnan ber nú heitið Menntafélagið Garðabæjar 2022-2030. Skólafélagið Garðabæjar hafði verið við lýði síðan 2014 og því þörf á endurskoðun á uppfærslu í takt við breyttar áherslur og viðmið í skólalæsi. Endurskoðunin var gerð í samráði við börn í leik-, grunn- og tónlistarskólum bæjarins sem og starfsfólk, forráðamenn, bæjarbúa og aðra fulltrúa. Í nýrri menntastefnu koma ýmsar breytingar fram en yfirskrift hennar er farsæld og framsækni þar sem áhersla er lögð á farsæld og vellíðan barna fyrst og fremst. Í henni koma fram einkunnarorðin metnaður, virðing, sköpun og gleði. Í þeim kafla sem snýr að leikskólunum er lögð áhersla á að hver leikskóli móti sér sérstöðu í skólanámskrá sinni og þeim leiðum sem skólinn hyggst fara í tengslum við grunnþætti menntunar. Vellíðan barna skal ávalt höfð að leiðarljósi, einstaklingsmiðað nám og samfella í námi barna.

Þessu þáttum má fram með:

- leik og skapandi starfi sem kennsluáferð
- góðri aðstöðu úti og inni fyrir börn og starfsfólk
- áherslu á gleði, vellíðan og félagsfærni barna
- heilbrigðum lífsstíl með reglulegri útiveru, hreyfingu og hollri næringu
- áherslu á styrkleika og hæfileika barna
- námi án aðgreiningar með áherslu á margbreytileika barna
- reglulegum samtölum foreldra og starfsfólks um nám barnanna
- virku samstarfi heimila og leikskóla
- samkomulagi um jákvæð og uppbyggileg samskipti innan hvers leikskóla
- mótun reglna um hvernig staðið skuli að fljótandi skilum milli leik- og grunnskóla

(Garðabær, 2023)

Námskrá leikskólans Sjálands

„Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega“

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

Í aðalnámskrá segir að „hver og einn leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá og á hún að vera skrifleg og aðgengileg öllum sem málið varðar. Í námskránni á að koma fram hvernig skólinn ætlar sér að vinna að markmiðum aðalnámskrár, hvaða leiðir á að fara og hvernig mati er háttað. Einnig eiga að koma fram gildi skólans og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem unnið er með í starfinu. Hvernig samskiptum er háttað í skólanum við börn, foreldra, stafsfolk og nærsamfélagið á jafnframt að koma fram í námskránni. Skólanámskrá öðlast ekki gildi nema að fengnum leyfi frá sveitastjórn að fenginni umsögn frá foreldraráði „

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 52)

Markmið okkar í starfi er að allir hafi **jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum**. Því er áherslan í Fjölvisistefnunni á **einstaklingsmiðað nám** þar sem hverju barni er mætt þannig að það fái tækifæri til að vinna út frá sínum styrkleikum og tekið er tillit til fjölbreytileikans. Þegar allir fá að vera þeir sjálfir kemur fram út **náttúruleg gleði** sem er sjálfsprottinn og innileg. Til að **mæta öllum** er unnið með fjölbreytt **verkefnaval** og **opinn efnivið**. Skýrt og **einfalt skipulag** er nýtt til að allir viti að hverju er gengið og hvernig deginum er háttað. Starfið er svo metið með fjölbreyttum aðferðum þar sem lagt er upp með **altækri gæðastjórnun** þannig að allir sem að skólanum koma; börn, foreldrar, kennarar, stjórnendur og sveitafélagið, taka þátt í að meta starfið.

Fjölvisistefnan – hugmyndafræðin


Leikskólinn Sjáland vinnur eftir eigin hugmyndafræði sem nefnist **Fjölvisistefna**. Hún byggir á Fjölgreindakenningu Howard Gardner. Howard Gardner setti fram kenningu sína um fjölgreindirnar árið 1983 en þá kom út bók hans „Frames of mind“. Gardner hafði þá verið að velta fyrir sér hugmyndinni um “margar gerðir mannshugans”. Grundvöllur kenninga Gardner er byggður á virðingu fyrir margbreytileika manna, fjölbreyttum námsaðferðum, margir möguleikar á að meta námsárangur og allar þær leiðir sem maðurinn getur farið til að setja mark sitt á veröldina. Gardner hefur ekki trú á að eingöngu sé ein ákveðin leið sem hægt er að fara til að nýta kenningu hans í skólum (Thomas Armstrong, 2001, bls. 7-8).

Það er okkar hugsjóna að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og byggjum þannig upp einstakling með jákvæða og sterka sjálfsmýnd. Howard Gardner sagði þegar hann var að skrifa sína fyrstu bók um kenninguna „..að sjö mismunandi greindir gæfu svigrúm til kennslu á sjö mismunandi vegu, frekar en á einn hátt“. Seinna uppgötvaði Gardner áttundu greindina.¹

Með þetta í huga er áherslan í Fjölvisistefnunni á fjölbreytt verkefnaval í skólastarfinu því þannig náum við að efla ólíka einstaklinga og styrkleika þeirra.

Fjölgreindir

Eins og áður hefur verið nefnt eru allar greindirnar mikilvægar og margbreytileikinn felst í því að hver og einn er með mismunandi styrkleika í hverri greind. Með því að efla og styrkja allar greindirnar átta í starfi skólans er tekið tillit til fjölbreytileika barnanna sem skilar sér í sterkari sjálfsmýnd þeirra. Hægt er að vinna á ýmsan hátt með hverja greind og tvíanna þær saman. Teljum við vera samhljóm á milli greinda Gardner og grunnþátta menntunar (bls. 14) sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla. Í fjölvisistefnunni er þó talað um tvær grunngreindir sem mikilvægt er að tileinka sér. Þær eru Sjálfspækingargreind og Samfélags- og félagshæfnigreind.



Þegar barn kemur í leikskólann býr það að félagslegum arfi sem kemur frá fjölskyldu þess og nánasta umhverfi. Í leikskólanum ýtum við undir sjálfstæði og sjálfstraust barna. Með því öðlast börnin trú á eigin getu og er það grunnur að áframhaldandi námi og velferð í lífinu. Til að barnið öðlist jákvæða sjálfsmýnd og gott sjálfstraust þarf það að læra að bera virðingu fyrir sjálfu sér sem og umhverfi sínu. Virðing þarf að vera gagnkvæm og er grundvöllur fyrir jákvæðri sjálfsmýnd og samskiptum barnsins við umhverfið. Því þurfa kennarar að sýna börnunum og skoðunum þeirra virðingu, hlusta á þau og

¹ Howard Gardner (1993) Howard Gardner, multiple intelligences and education. Vefslóð sótt 12.mai 2009 frá <http://www.infed.org/thinkers/gardner.htm>

taka tillit til skoðana þeirra og viðhorfa. Að barnið finni sig öruggt og að á það sé hlustað hefur áhrif á nám barnsins. Eru það þeir þættir sem nám barnsins byggir á.

Sjálfsþekkingargreind: að þekkja sjálfan sig og geta nýtt sér þá þekkingu í lífi og starfi. Þessi greind lýsir sér í góðri sjálfsmynd og að hafa þekkingu á styrkleikum sínum jafnt og veikleikum. Vera meðvitaður um eigið hugarástand, tilfinningar sínar, fyriráætlanir ásamt sjálfsskilningi, bera virðingu fyrir sjálfum sér og hafa hæfni til sjálfsagnar. Börn sem hafa góða sjálfsþekkingargreind hafa gjarnan þörf fyrir að fá að vera ein að leik (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Samfélags – félagshæfnigreind: samskipti er stór þáttur í okkar lífi og grundvöllur fyrir félagsþroska barnsins. En í þessari greind felst til dæmis hæfileiki til að skilja og greina skap annarra, tilfinningar og geta sýnt samlíðan og samúð. Umhverfið sem barnið elst upp í hefur áhrif á félagsþroskann sem og einstaklingsþættir þess þá er átt við þau gildi og lögmál sem ríkja í samfélaginu sem og uppeldi, skapgerð, sjálfsmynd, sveigjanleika og réttlætiskennd barnsins. Það að bera virðingu fyrir barninu og kenna því að bera virðingu fyrir öðrum eflir félagshæfni þeirra (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Málgreind: kemur fram í frumbersku þegar börn fara að hlusta eftir hljóðum og orðum í umhverfi sínu sem það fer síðan að greina og nýta sér sem tjáningarmáta. Því þarf ávalt að hafa í huga að málörvun sé rauður þráður í öllu starfi skóla. Tala við börn, setja orð á athafnir, syngja með þeim, fara í orðaleiki, lesa bækur o.fl. allt með það að markmiði að efla orðaforða þeirra og málskilning. Eins þarf að hafa í huga að útskýra ný orð og hugtök fyrir börn þegar færi gefst eins og þegar verið er að lesa, segja þeim sögur eða læra ný orð. Máltökuskeiði flestra barna lýkur um sex ára aldur en málið þróast alla ævi (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Rök- og stærðfræðigreind: snýr ekki eingöngu að stærðfræði og hugtökum tengdum henni heldur einnig að rökhugsun. Að þjálfar rökhugsun barna og fá þau til að velta hlutunum fyrir sér þjálfar þennan þátt og þar með heimspekilega hugsun. Spyrjum börn spurninga sem leiða af sér heilabrot, lausnaleit og efla gagnrýna hugsun. Hugtök stærðfræðinnar, talning og talnaleikir eiga vel heima í leikskólastarfinu og nýta þau tækifæri sem gefast til að efla þann þátt telja það sem er í umhverfinu, mæla og margt fleira (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Rýmisgreind: til að gera sér grein fyrir umhverfi sínu þarf að hafa góða rýmisgreind. Geta séð fyrir sér hluti, teiknað, hannað og notað hugarkort til að skipuleggja og skrá. Það getur hjálpað börnum að muna og læra hluti að setja þá upp á myndrænan hátt til dæmis tengja myndir við söngtexta eða hafa skipulag dagsins á myndrænu formi. Mynstur og sjá mynstur í umhverfinu tengist einnig góðri rýmisgreind (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Líkams- og hreyfigreind: að hreyfa sig og efla hreyfifærni sem og líkamsvitund er okkur öllum mikilvægt. Í leikskólastarfinu þurfum við að hafa í huga að efla þarf bæði fín- og grófhreyfingar barnanna sem og efla þeirra líkamsvitund og leita fjölbreyttra leiða til þess. Leiklist er listgrein sem krefst bæði góðrar hreyfifærni og líkamsvitundar, að lita, þræða hluti uppá spotta eflir fínhreyfingar og hopp, hlaup o.þ.h. efla grófhreyfingar barnanna. Einnig notum við líkamann til að tjá okkur bæði tilfinningar okkar, leggja áherslu á orð okkar og gera börn það sérstaklega þar sem þau hafa jafnvel ekki orð til að tjá sig (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Tónlistargreind: allt í kringum okkur er tónlist, taktur, hljómfall og einhverskonar umhverfishljóð. Það er mjög gaman að vinna í og með tónlist með börnum. Þau eru fljót að læra texta, tileinka sér laglínu

og ófeimin við að syngja og spila. En við þurfum alltaf að gæta þess að markmið sé með notkun tónlistarinnar hún sé ekki eitt af bakgrunnshljóðunum heldur er verið að greina tónlist þ.e. takt, hljómfall eða jafnvel tegund tónlistar (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Umhverfisgreind: áhersla er á græn gildi, að bera umhyggju fyrir umhverfinu og hvetja til nægjusemi og nýtni. Börnin verða þannig meðvitaðri um umhverfi sitt og öðlast grunnþekkingu á ávinningi og hugmyndum um endurvinnslu. Unnið er með umhverfisgreind t.d. með því að hvetja börnin til að endurvinna, flokka og skila í grenndargáma eða endurvinnslutunnu. Í tengslum við umhverfisgreind er einnig unnið markvisst með því að hvetja börnin til að nota verðlaust leikefni og opinn efnivið í listsköpun og eða frjálsan leik. Hafa þekkingu á náttúrunni með því að þekka og geta flokkað tegundir úr jurta- og dýraríkinu. Þessi greind felur einnig í sér næmi fyrir fyrir öðrum fyrirbærum í náttúrunni eins og skýjafari og fjöllum. Hjá þeim sem alast upp í þéttbýli getur þessi greind einnig snúið að dauðum hlutum í umhverfinu eins og bílum og flugvélum (Thomas Armstrong, 2001, bls. 14-15).

Nám barnsins

Ef barn á að geta þroskast, upplifað og lært þarf það að hafa þá eiginleika að skynja umhverfið sitt. Það gerir barnið með skilningarvitum, skynfærunum sín, sem eru meðfæddir eiginleikar.

Skynfæri barnsins eru augu, eyru, nef, munnur og húð. Það er börnum eðlilegt að snerta, horfa og hlusta á veröldina í kringum sig en til þess þurfa þau örvun og tækifæri til að auka þroska sinn bæði andlega og líkamlega (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009, bls. 131).



Sjónskyn er talið mikilvægasta skynfærið með því geta börnin greint liti, dýpt, stærð og hreyfingu hluta í umhverfinu. Sjónskyn getur verið mjög persónulegt því við veljum úr það sem við viljum sjá og skiptir máli fyrir okkur byggt á líðan okkar, þroska, reynslu og áhugasviði.

Heyrnarskyn gerir okkur kleift að greina skilaboð sem koma langt að. Við heyrum ekki eingöngu það sem fer fram nálægt okkur heldur einnig það sem gerist í töluverðri fjarlægð frá okkur. Heyrnarskynið auðveldar okkur að kynnast umhverfi okkar og eiga samskipti við annað fólk. En hlustun er ekki eina leið barnsins til að kanna hljóð því það gerist einnig í gegnum snertingu, hreyfingu og sjón.

Snertiskyn verður virkt strax við fæðingu en í húðinni eru snertinemar sem svara mismunandi áreitni. Í gegnum húðina og við snertingu kemst barnið í samband við umheiminn. Það kynnist bæði sjálfu sér og umhverfinu í gegnum þá upplifun að finna og snerta. Snerting er mikilvæg fyrir tilfinningarþroska barnsins og grundvallarþáttur í samskiptum og í þróun líkamsvitundar. Við snertingu fara boð til heilans í gegnum taugakerfið og hefur það áhrif á önnur skynfæri (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009, bls. 131-138).

Lyktarskyn er í rauninni nátengt bragðskyni og nátengt við heilann. Það er talið að hægt sé að allt að 10.000 mismunandi tegundir lyktar. Talið er að börn hafi mjög djúpstætt lyktarskyn og eigi auðvelt með að greina lykt. Erfitt getur verið að skilgreina hvað lykt er og hvað hefur áhrif á lyktarskynið, einna helst er hægt að líkja lykt við sameind sem hefur ertandi áhrif á lyktarskynið.

Bragðskyn er talið vera frumstæðasta skilningarvitið en er nátengt lyktarskyni því við finnum ekki bragð af mat ef til dæmis nefið er stíflað. Bragðlaukar sem eru á tungunni eru samsettir úr mörgum

bragðfrumum sem eru misnæmar fyrir sætu, súru, beisku og söltu bragði þannig að segja má að bragðskyn mannsins sé frekar takmarkað.

Með hvatningu, örvun og fjölbreyttu starfi læra börnin að nýta sína styrkleika. Börn hafa fjölbreytta styrkleika og eru því misjafnlega stödd í hverri greind, sem er mikilvægt að virða. Í Fjölvisistefnunni er börnum kennt á mismunandi hátt og allir fá tækifæri til að læra á sínum eigin forsendum sem hentar þeim best. Að gefa hverju barni tækifæri til að læra á fjölbreyttan hátt ýtir undir sjálfstraust þeirra og jákvæðari sjálfsmynd.

Undir

- Undirmarkmið kjarnans
- Flæði á milli kjarna

Sértæk

- Sértæk markmið kjarnans
- Byggja á starfsáætlun, umbótaáætlun, barna og starfsmannahópnum.

Leiðir

Í Fjölvísistefnunni eru farnar vel ígrundaðar leiðir til að ná því markmiðið að allir fá notið sín á eigin forsendum. **Skipulagið** er markvisst og áhersla á að allt hafi sinn tilgang. Kennarar hafa skýrt hlutverk innan skipulagsins. Verkefnaval er fjölbreytt því þannig næst sá margbreytileiki í starfinu sem þarf til að vinna með allar greindirnar og efla grunnþætti menntunar. Áhersla er á opinn efnivið sem hefur ekki fyrirfram ákveðið hlutverk eða útkomu. **Einstaklingsmiðað nám** er sú leið sem farin er til að mæta hverjum og einum. Er það gert m.a. með því að aðlögun er ólík milli barna, litlir hópar, aldurskipting, kynjaskipting og skólaföt. **Námsbók barnsins** heldur utan um skráningar á framförum og símati hvers barns. **Jákvæð agastefna** býr til kjöraðstæður fyrir nám. Að auki er snemmtæk íhlutun ef á þarf að halda, sveigjanleg skil milli skólastiga og áhersla á persónuleg samskipti.

Skipulagið


Með einföldu skipulagi náum við að veita starfsfólki, börnum og foreldrum tækifæri til að tileinka sér fyrirkomulag leikskólans sem veitir öryggi og festu. Skipulag kennara verði með þeim hætti að sami kennari taki á móti barninu á hverjum degi og kveðji það í lok dags. Hver hópur hefur sama hópstjóra allt skólaárið og þannig næst það markmið að vinna á einstaklings forsendum því hópstjórinn fær tækifæri til að ná góðum tengslum við barnið, kynnast því og þekkja styrkleika þess sem og veikleika.

Við tölum um kjarna en ekki hefðbundnar skóladeildir, því þar sem börnin eru þar er kjarni starfsins eða hjarta skólans og því viljum við tala um kjarna. Allir kjarnar hafa sama grunnskipulag á starfi sínu. Í skólanum leitum við eftir að hafa festu og öryggi, sem fylgir því að halda sömu dagskrá yfir allt skólaárið. Dagskránni er skipt í hópátíma og valtíma. Jafnvægi ríkir á milli þessara tíma.

Dagskipulag skólans

Hópátími

Í hópátíma er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, að efla allar fjölgreindirnar og vinna þannig með styrkleika hvers og eins. Við vinnum markvisst að því að velja verkefni sem hæfa aldri, og áhugasviði barna. Við setjum okkur það markmið að hópátímarnir séu sem fjölbreyttastir og leggjum áherslu á að hver hópur fari á



milli svæða innan skólans. Þannig næst það skipulag að einn hópur sé á hverju svæði í einu, hafi rýmið útaf fyrir sig og vinni markvisst eftir þeim faglegu áherslum sem eru í námskránni.

Valtími

Í valtíma er lögð áhersla á sjálfsprottin leik, samskipti og vináttu milli barnanna. Börnin fá tækifæri til að æfa sig að velja sér svæði eftir sínu áhugasviði. Þau fá tækifæri til að efla sig í leik og starfi með opin efnivið og stuðning kennarans sér við hlið. Í valtíma eru sömu svæði í boði, þannig náum við ákveðnu réttlæti og sanngirni með valinu. Í valtímanum hafa börnin tækifæri til að skipta um svæði að því gefnu að það sé laust pláss þar.

Ítarefni er hægt að bjóða uppá þegar börn eru orðin það flink á svæðinu að þau ráða við tiltekt á auknum efnivið og leikurinn er orðinn það þróaður að það þarf aukinn efnivið til að dýpka hann, á alla jafna við eldri börn frekar en yngri. Ítarefni er viðbót við þann efnivið sem til staðar er og því undantekning frekar en regla.

Fjöldi barna á hverju svæði ræðst af fjölda barna á kjarnanum

Fjölbreytt verkefnaval

Áherslan er á fjölbreytt verkefnaval sem ýtir undir og eflir allar greindir og skilningarvit. Allt sem við gerum hefur tilgang, því vinnur kennarinn markvisst að því að undirbúa og skipuleggja þau verkefni sem unnin eru. Lögð er áhersla á vinnuferlið og gleðina sem því fylgir. Verkefnin taka mið af hverju barni, það er aldri, þroska og hæfileika. Kennarinn leggur áherslu á jákvætt viðhorf sitt og hvetur barnið áfram í að byggja upp sínar sterku hliðar jafnt sem og styrkja þær veiku. Kennarinn er virkur í sínu starfi og nýtir þann efnivið sem er til staðar á sem fjölbreytilegastan hátt. Hann byggir starfið á fjölbreyttu verkefnavali sem höfðar til allra og virkjar áhugasvið og hæfileika barnanna.

Þegar allir í hópnum eru virkir og allir í hópnum eru sáttir eykst sjálfstraust hvers og eins og niðurstaðan verður sterkari einstaklingar.

Með fjölbreyttu verkefnavali næst eftirfarandi:

- » að ýta undir jákvætt viðhorf kennarans fyrir margbreytileika einstaklingsins
- » að virða hugmyndaflug og taka tillit til hvers barns
- » að vera opin og sveigjanleg þegar börnin fara sínar eigin leiðir
- » opinn efniviður ýtir undir hugmyndaflug og veitir öllum tækifæri til að taka þátt.

Opinn efniviður

„Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum, aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín“
(Aðalnámskrá, 2011. Bls. 40)

Opinn efniviður er efni sem hefur ekki fyrirfram ákveðið hlutverk eða útkomu eins og til dæmis púsluspil sem eingöngu er hægt að púsla á eina veginni. Það er hægt að nota hann á fjölbreyttan hátt og

engin rétt eða röng útkoma. Efniviðurinn er hvetjandi, ýtir undir sköpunarkraft, ímyndunarafl og tjáningu þannig að hugmyndir barnanna fái að njóta sín sem og sjálfstæði þeirra.

- Markmið með opnum efnivið er að:
 - Allir fái notið sín á eigin forsendum.
 - Æfa skapandi og gagnrýna hugsun.
 - Efla samskipti.
 - Styrkja einstaklinginn.
 - Efniviðurinn hafi ekki fyrirfram ákveðna lausn.
 - Efniviðurinn eigi sér ekki upphaf og endi, hægt að nota á marga vegu.
 - Þróa og þroska leikinn.
 - Allir með jöfn tækifæri í leiknum.
 - Höfða til sköpunar krafts og leikgleði sem heldur öllum möguleikum opnum.

Hlutverk kennarans

„Góður kennari er næmur á fjölbreytileika í barna- [...]hópnum og gætir þess að allir taki virkan þátt í námi á eigin forsendum. Fjölbreytt viðfangsefni og kennsluaðferðir eru lykillinn að því að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga“

(Þemahefti „Jafnrétti“, 2011)

Hlutverk kennarans er að vera til staðar fyrir börnin, og að vera þátttakandi í þeim verkefnum sem unnið er að. Hans athygli á að vera 100% með barnahópnum, hann á að hafa yfirsýn og aðstoða börnin ávallt með jákvæðni og gleði að leiðarljósi. Kennarinn þarf að vera virkur þannig að hann geti gripið inni og leiðbeint þegar þörf er á og tilbúin að breyta verkefni ef hugur barna fer á flug í aðra átt en áætlunin gerði ráð fyrir.

Vera til staðar fyrir börnin og bera ábyrgð á sínum hóp. Að bera ábyrgð á hópnum þýðir:

Gagnvart barninu; að mæta hverju barni þar sem það er statt, ber ábyrgð á að efla þroska barnsins, ábyrgð á að vinna markvisst skv. einstaklingsáætlun og endurmat á því starfi, sýna barninu virðingu og hlýju og sinna þörfum þess.

Gagnvart foreldrum; hafa frumkvæði og byggja upp góð og jákvæð samskipti við foreldra og veita foreldrum upplýsingar um líðan og stöðu barnsins.

Gagnvart skólanum; á kennari að undirbúa starf sitt vel og ígrundað en hafa í huga að börn eru óútreiknanleg og þarf hann því að vera sveigjanlegur með verkefni og vera tilbúinn að fara aðrar leiðir eftir einbeitingu og úthaldi barna sem og getu þeirra.

Einstaklingsmiðað nám

Einstaklingsmiðað nám er sú leið sem farin er til að mæta hverjum og einum. Er það gert m.a. með því að aðlögun er ólík milli barna, litlir hópar, aldurskipting, kynjaskipting og skólaföt.

Aðlögun – upphaf skólagöngu

„Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynna starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólkleikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum“.

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 48)

Markmið aðlögunar er að barn upplifi skólagöngu á sem jákvæðastan hátt. Börn eru jafn ólík og þau eru mörg og því þarf að taka tillit til einstaklingsþarfa þeirra. Aðlögunin er því einstaklingsbundin og vinna foreldrar og kennarar að henni saman.

Þegar foreldrar fá staðfestingu um vistun fyrir barn sitt í skólanum er þeim úthlutaður viðtalstími þar sem farið er yfir ýmis hagnýt atriði sem og fyllt út vistunarsamningur og spurningalisti. Þátttaka foreldra getur verið misjöfn í aðlögun barnsins og er það rætt sérstaklega í þessu fyrsta viðtali hvort um meiri þátttöku verði að ræða en áætlunin leggur upp með endar er áhersla á einstaklingsmiðaða aðlögun.

Þegar barnið mætir fyrsta daginn hittir það kjarnastjóra kjarnans sem kynnir barn og foreldra fyrir aðlögunarkennara barnsins. Sá kennari fylgir barninu í aðlögun og miðlar upplýsingum um starf kjarnans til foreldra. Einnig er barnið komið með merkt hólfi í fataklefa, sæti við matarborð og á plássi. Þegar barnið hefur fundið sig öruggt í leikskólanum fer það að kynna öðrum kennurum kjarnans, því allir kennarar kjarnans eru kennarar barnsins.

Til að barnið upplifi stöðugleika á meðan á aðlögun stendur er mælt með því að annað hvort foreldrið sjái um aðlögun ef kostur er á. Einnig getur það reynst barninu vel að hafa með sér hlut að heiman sem veitir því öryggi til dæmis teppi eða bangsa.

Í aðlögunarferlinu er stuðst við eftirfarandi áætlun en ávalt horft á stöðu barnsins og metið hvað hentar því best:

Dagur 1 – Foreldrar/foreldri og barn mæta saman í heimsókn klukkan 9:00 og eru til 10:00. Foreldrar/foreldri eru með barninu allan tímann.

Dagur 2 – Foreldrar/foreldri og barn mæta saman klukkan 8:30 og taka þátt í starfinu fram að hádegismat. Foreldrar/foreldri eru með barninu allan tímann.

Dagur 3 – Foreldrar/foreldri mæta með barninu, staldra stutt við og prófa svo að kveðja barnið við kjarnann. Ef vel gengur er barnið í skólanum fram yfir hádegismat.

Dagur 4 – Barn mætir á sínum vistunartíma og er fram yfir hvíld. Barnið er sótt þegar það vaknar.

Dagur 5 – Barnið mætir á sínum vistunartíma og er allan daginn. Aðlögun lokið.

Líkir leika best

„Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 33)

Litlir hópar

Inni á kjörnunum er börnunum skipt í smærri hópa og er þeim raðað í hópana eftir aldri, áhugasviði og styrkleikum. Haft er í huga við skiptingu hópa að líkir leika best. Hóparnir vinna með kennara í hópatímum þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín og sjónarmið allra barna í hópnum heyrast. Í minni hópum myndast góð vinátta og samstaða. Þannig hefur kennari tækifæri til að kynnast börnunum betur og velja verkefni sem taka mið af áhugasviði og aldri barnanna. Að auki fá börnin tækifæri til að taka þátt í verkefnavali hópatímans. Hópurinn borðar saman á matmálistímum og þar gefst gott tækifæri til að spjalla saman. Hver hópur á sinn fasta vinnuhóp af gagnstæðu kyni. Hóparnir hittast reglulega og þannig þjálfar stúlkur og drengir samskipti og vináttu sín á milli. Hóparnir breytast eftir skólaárið og jafnvel oftast ef þörf er á því áhugasvið barna og þarfir breytast með auknum þroska.

Aldursskipting

Eins og fram hefur komið er styrkur að líkir leika best og því eru kjarnar skólans aldursskiptir en það þýðir að ekki séu fleiri en tveir árgangar innan sama kjarnans. Markmið okkar er að geta komið til móts við börnin þar sem þau eru stödd og á janfningjagrundvelli og því er tekið mið af áhugasviði og aldri barnanna við verkefnaval. Að auki er mikilvægt að hafa í huga þann lærdóm sem felst í því að vera yngstur og elstur á kjarna að vera fyrirmyndin fyrir þau yngri og að læra af og með þeim eldri. Í faglegu starfi skólans er ákveðin stígangi sem mótast af undirmarkmiðum kjarnanna þar sem hver kjarni byggir ofan á fyrri þekkingu.

Jafnframt er umhverfi kjarnanna miðað við aldur barnanna til dæmis í efnivið og búnaði eins og borðum, stólum og snyrtingu.

Skólaföt

Í leiðarljósum leikskóla kemur fram að leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum. Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra. Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 33-34)

Ein af leiðum sem Leikskólinn Sjáland vill fara í starfi er að börnin séu í skólafötum, því það styður við markmið hans og stefnuna sem unnið er eftir.

Með einkennisklæðnaði í skólum er verið að uppræta félagslegan þrýsting milli nemenda og gera skólann að öruggum stað fyrir þá á meðan þeir sinna námi sínu. Í rannsókn sem gerð var í tveimur skólum á Íslandi sem notast hafa við skólaföt eru nefndir nokkrir kostir sem starfsmenn telja sig sjá eftir að skólafatnaður var tekinn þar upp.

Kostir skólafata á Íslandi:

- Skólafötin hafa aukið sjálfstraust margra nemenda.
- Skólafötin skapa liðsheild.
- Nemendur einblína frekar á vinnu sína.
- Nemendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af tískunni í skólanum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að skólaföt bæta skólastarfið, þau bæta viðmót barna hvers til annars og líðan barnanna sjálfra. Einnig að auðveldara sé að fá börnin til að vera virk í leik og starfi þar sem skólaföt eru til staðar. Rannsóknin sýnir ekki einungis að skólaföt eru fjárhagslega hagstæð fyrir heimili heldur sýndu niðurstöður í öllum spurningum að foreldrar litu yfirleitt jákvæðum augum á skólafatnað þar sem flest allir foreldrar voru sammála því að börnum þeirra líði betur og það drægi úr einelti þar sem skólafatnaður tíðkaðist. Sú rannsókn sem hér hefur verið lýst leiðir í ljós að skólaföt stuðla að því að liðsheild myndast og vellíðan barna eykst. Skólaföt hafa dregið úr félagslegum þrýstingi, minnkað útgjöld heimila og bætt ímynd viðkomandi skóla (Eydís Brynjarsdóttir og Eðvald Möller, 2013, bls. 5, 7)

Námsbók barnsins – einstaklingsmappa (portfolio)

Námsbók barnsins heldur utan um skráningar á framförum og símati hvers barns.

„Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna, við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 46)

Námsbók barnsins er einstaklingsmiðað mat á námi barns í leikskólanum. Í námsbók barnsins er safnað einstaklingsmiðuðum upplýsingum um það sem barnið færst við og hefur áhuga á; hvað það veit, getur og skilur.

Áhersla er á heilstætt mat á framförum barns en ekki mælingar á afmörkuðum færniþáttum. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barns er lögð áhersla á alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti.

Virðingarríkar samskiptaleiðir

Skýr mörk búa til kjöraðstæður fyrir nám.

Menntun til sjálfbærni hefur m.a. það markmið „...að þjálfa hæfni til lýðræðis; samlíðan með fólki, gagnrýna hugsun og samskipti“

(Grunnþættir menntunar, Sjálfbærni, 2013, bls. 51)

Skýr mörk

Börn þurfa skýr mörk til að upplifa öryggi. Þegar við setjum barni skýr mörk sýnum við því að við höfum stjórn á aðstæðum og að það geti treyst okkur. Ef við leggjum stjórn í hendur á barni með því að sveigja frá því sem við vitum að er því fyrir bestu þá færum við ábyrgðina yfir á það. Með skýrum mörkum er hægt að draga úr óæskilegri hegðun þar sem barnið veit nákvæmlega hvar við stöndum og veit til hvers er ætlast til af því. Dæmi um skýr mörk geta verið:

„Nú er komin tími til að klæða sig í fötin. Ég veit að þér finnst það erfitt og þú mátt alveg vera leið/ur. Taktu smá tíma til að jafna þig og svo skal ég hjálpa þér. Ég veit að þú getur þetta“. Forðast ber hótanir þær vekja einungis neikvæðar tilfinningar og ekki gefa undan. Ef við gefum undan og sveigum frá okkar ákvörðunum og staðfestu vegna hegðunar barns segir það barninu að þú sért ekki örugg/ur á því sem þú segir. Það getur skapað óöryggi hjá barninu og því getur liðið eins og það þurfi að taka stjórnina og það eykur líkurnar á að barn endurtaki neikvæða hegðun.

Jákvæða agastjórnun skilgreinum við sem skipulagðar aðferðir í kennslu. Jákvæð agastjórnun byggir á atferlisfræði og gengur út á að fullorðnir umbuni barni fyrir að sýna viðeigandi hegðun frekar en að refsar fyrir óviðeigandi hegðun. Athyglin á að beinast að því sem gengur vel hjá barninu. Með því að beita atferlismótun láta fullorðnir eftirsóknarverðar eða óeftirsóknarverðar afleiðingar fylgja í kjölfar hegðunar barna á markvissan hátt. Eins og fram kemur í stefnu leikskólans leggjum við áherslu á að mæta hverju barni þar sem það er statt. Jákvæð agastjórnun byggir á því að kennarinn þarf að lesa í aðstæður í hvert og eitt skipti og meta hvaða aðferð er við hæfi að nota. Þetta gerir það að verkum að kennarar fá verkfæri í hendurnar sem býður uppá fjölbreyttar leiðir í að takast á við hegðun. Á sama tíma er auðveldara að sérsníða aðferð sem hentar hverju barni. Grunnurinn til árangurs er að hefjast handa í upphafi skólaárs með aga og hegðunaræfingar sem byggt er ofaná með krefjandi verkefnum sem örva þroska og allar greindirnar.

„Hlutverk skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi“.

(Aðalnámskrá, 2011, bl.s 22)

Leiðir

Mikilvægt er að vinna skipulega og nákvæmt þegar efla á aga og ýta undir jákvæða hegðun. Áherslan í jákvæðri agastjórnun er að hvetja börnin áfram þegar þau sýna æskilega hegðun. Þannig getum við ýtt undir vilja barnsins til að sýna jákvæða hegðun. Ef barn á í erfiðleikum með að stjórna sér í

ákveðnum aðstæðum þarf að aðstoða það og efla sjálfstjórn þess. Mikilvægt er að kennarinn horfi í aðstæður og eigin viðbrögð gagnvart barninu til að reyna koma í veg fyrir óæskilega hegðun barnsins. Árangur næst ef að samræmdar og einfaldar reglur eru notaðar meðal allra starfsmanna. Í sumum aðstæðum er ekki nóg eitt og sér að ýta undir æskilega hegðun heldur þarf að aðstoða barnið við að sýna þessa hegðun. Þá gerum við einmitt það, við sýnum barninu hvað það er sem ætlast er til af þeim. Í sumum tilfellum hentar betur að hunsu ákveðna hegðun til þess að gefa til kynna að þetta sé ekki æskileg hegðun, svo framarlega sem að hegðunin er ekki truflandi fyrir önnur börn eða skaðandi fyrir barnið. Ef um ítrekaða andfélagslega hegðun er að ræða er gripið til leiða til að koma í veg hana. Andfélagsleg hegðun er ef barn meiðir eða skemmir. Þá fer af stað ferli í samráði við sérkennsluteymi þar sem lausnir eru sérsniðnar fyrir hvert tilfalli. Nánar er farið í það í kaflanum um sértæk úrræði.

Aðferð - skipulögð áætlun

Í hverju tilfalli þarf að skoða aðstæður og meta það af hverju barn sýnir tiltekna hegðun. Í framhaldi af því er ákveðið með hvaða aðferð á að bregðast við hegðun barnsins.

Fyrsta skref er að hrósa barni þegar það sýnir þá hegðun sem við viljum sjá meira af. Við getum hrósað með því að:

- Veita barninu athygli.
- Gefa lýsandi hrós.
- Segja hópnum frá því hvað ákveðið barn er að standa sig vel.

Stýring er notuð þegar hrós hefur verið reynt en nægir ekki eitt og sér til að breyta hegðun. Við stýrum barni í að sýna æskilega hegðun með því að:

- Ná athygli barnsins og endurtaka fyrirhælt á einfaldan og skýran hátt.
- Sýna barninu hvernig á að gera.
- Aðstoða barnið við þær athafnir sem um ræðir.

Í þeim tilvikum sem að hrós og stýring duga ekki til að breyta hegðun beitum við hunsun, en einungis þegar hegðun barnsins er ekki truflandi fyrir aðra eða skaðandi fyrir barnið. Markmiðið með hunsun er að barn fái ekki þá athygli sem það sækist eftir með því að sýna óæskilega hegðun, við bíðum þangað til að barnið sýni æskilega hegðun eða samþykkir leiðbeiningar og þá veitum við athygli. Við hunsum hegðun með því að:

- Líta undan.
- Snúa barni frá hópnum.


- Segja hópnum að barnið „sé að ruglast og við látum það ekki trufla okkur“.

Við viljum hafa skýra stefnu um það hvernig við mótum jákvæð, virðingarrík samskipti á leikskólanum. Kennarar þurfa verkfæri til að takast á við hegðun á árangursríkan hátt, láta starf kjarnans ganga vel og á sama tíma ýta undir vellíðan meðal barna. Með því að hafa skýr mörk gefst barninu betra færi á að æfa sjálfstjórn eða sjálfsaga. Sjálfsagi meðal barnanna ýtir undir skipulagt starf á kjarnanum. Þannig tekst okkur að búa til góðar aðstæður fyrir börnin til að læra í.

Með því að hafa skýra stefnu í þessum málum getum við gert meiri kröfur á samræmd vinnubrögð kennara. Það tryggir jafnræði meðal barnanna, það að sömu reglur gildi fyrir alla.

Þegar börnin ganga að því vísu hvaða afleiðingar hegðun þeirra hefur, eru þau ekki einungis fljótari að læra hvar mörkin eru heldur veitir það þeim öryggi og festu. Við viljum hafa mörkin skýr og afleiðingar gegnsæjar og eðlilegar. Þannig verða áherslurnar í agamálum alltaf eins dag frá degi, sama hvaða kennari er. Þannig vita börnin til hvers er ætlast af þeim.

Skýr stefna þar sem mörk auðveldar foreldrum einnig aðgengi að upplýsingum um hvernig kennarar vinna með börnum þeirra í daglegu starfi á leikskólanum. Bestur árangur næst þegar skóli og heimili eru samtaka. Þær aðferðir sem við notum í skólanum til að efla jákvæðan aga er einnig hægt að nýta heima fyrir. Þegar foreldrar og kennarar hafa góð verkfæri til að takast á við hegðun barna dregur það úr álagi og ýtir undir sjálfsaga meðal barna (Eisenstadt, Eyberg, McNeil, Newbomn og Funderburk, 1993 – frumheimild, Bergin og Bergin, 1999).



Snemmtæk íhlutun

„Sérfræðipjónusta sveitarfélaga í leikskólum skal stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna.“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 46)


Sérkennsluteymi

Markmið sérkennsluteymis er að vera stuðningur fyrir kennara og foreldra og veita ráðgjöf fyrir þau börn sem þurfa.

Hvert mál er metið og ákvörðun tekin hvaða leið skal fara en meginreglan er sú að:

Þegar upp koma vangaveltur varðandi barn hefur kennari samband við sérkennslu og fyllir út eyðublaðið Ósk um ráðgjöf. Þar kemur fram ástæða tilvísunar og í hvaða aðstæðum er best að fylgjast með barninu. Í framhaldi af því kemur starfsmaður sérkennsluteymis, fylgist með barninu og ræðir við kennara til að afla upplýsinga.

Næsta skref getur verið þrennskonar; ráðgjöf til kennara, íhlutun sérkennslu eða máli vísað til sérfræðinga.



Þegar sérkennsla veitir kennurum ráðgjöf varðandi barn vinnur kennarinn eftir ráðgjöfinni. Ef að ráðgjöfin snýr að barninu hefur kennarinn samband við foreldra. Íhlutun er það þegar unnið er með barninu á markvissan hátt eftir ráðgjöf sérkennslu. Íhlutun getur falið í sér að gerð er einstaklingsáætlun fyrir barnið sem kennarinn notar og sérkennsla sér um að fylgja eftir. Íhlutun getur verið margskonar til dæmis hugmyndir að málörvun, ráðleggingar varðandi agastjórn, ráðgjöf til foreldra, hugmyndir að æfingum í hreyfifærni; fín- og grófhreyfingar.

Ef vísað er til sérfræðinga er send beiðni annars vegar á skólaskrifstofu, til að fá ráðgjöf frá sálfræðingi eða sérkennslufulltrúa, eða beiðni til talmeinafræðings Sjálands um athugun og ráðgjöf. Sérkennsla hefur samband við foreldra og foreldrar skrifa undir beiðnina. Í framhaldinu heldur sérkennsla foreldrum upplýstum um stöðu mála og er með á öllum skilafundum.

Talmeinafræðingur Sjálands sér um greiningu barna og ráðgjöf. Hann skilar niðurstöðum til foreldra ásamt sérkennslu, veitir ráðgjöf til foreldra og aðstoðar við áætlanagerð þeirra barna sem hann prófar.

Önnur hlutverk sérkennslu eru að fylgjast með framvindu tungumáls hjá tvítyngdum börnum og veita ráðgjöf þegar þess þarf til dæmis með hugmyndum um orðaforðavinnu, notkun á Tákni Með Tali eða orðabók.

Hljóm er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna og er það lagt fyrir elsta árgangi skólans á haustönn. Þau börn sem skora undir 30 eru sett í 4-5 barna skólahóp og fá vikulega málörvun aukalega við markvissa málörvun kjarnans. Hljóm er síðan endur tekið aftur í janúar á þeim börnum og staðan þá endurmetin.

Sérkennsla sér einnig um málörvun, bæði einstaklings- og í minni hópum og veitir kennurum ráðgjöf með almenna málörvun kjarnanna.

Við upphaf skólagöngu barns fylla kennarar út eyðublaðið Saga þar sem aðlögun barns er skráð. Ef sérkennslan kemur að barninu síðar er haldið þar utan um allar upplýsingar sem tengjast barninu eins og upplýsingar um próf sem lögð eru fyrir barnið, einstaklingsáætlanir, fundargerðir o.fl.

Undir sérkennslu heyrir þjálfunarkjarni sem sér um þjálfun barna með ýmsar raskanir/frávik. Sérkennslan sér um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna þjálfunarkjarna, mánaðarlega kjarnafundi,

eftirfylgni með stöðufundum, ráðgjafafundum og foreldrafundum ásamt því að aðstoða þjálfva með þau verkefni sem fengist er við í þjálfun.

Sérkennsla

„Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra“.

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

Á þjálfunarkjarna hefur hver þjálfvi umsjón með einu barni sem hefur úthlutaða stuðningstíma. Umsjónarþjálfvi ber ábyrgð á því hvað er verið að þjálfva í atferlisþjálfun þess barns sem að hann er umsjónarþjálfvi fyrir. Hann verður sér úti um þær upplýsingar sem hann þarfnast, með því að spyrja samstarfsmenn, ráðgjafa eða internetið. Hann heldur utan um einstaklingsmöppu umsjónarbarns og sér til þess að þar sé reglulega uppfærður kennslutexti um barnið, dagskipulag þess og önnur gögn sem gagnlegt er að miðla til annarra þjálfva sem að barninu koma.

Þjálfun fer fram í öllum aðstæðum barnsins yfir daginn og sér umsjónarþjálfvi til þess að þjálfun sé skipulögð á hverjum stað og að allir sem vinni með barninu vita hvað verið sé að þjálfva á hverjum stað. Með skipulagðri teymisvinnu veitum við börnunum fjölbreytta þjálfun yfir daginn þar sem tveir til þrjú þjálfvar koma að hverju barni en það auðveldar börnum yfirfærslu á því sem þau læra og auðveldar afleysingar ef veikindi koma upp innan kjarnans.

Hlutverk stuðnings á kjarna er að aðstoða barn með stuðning að stunda nám á leikskólanum. Markmiðið er að ýta undir sjálfstæði og þátttöku í hóp. Kennarinn er fyrst og fremst kennari barnsins, hlutverk þjálfva er að veita barninu aðstoð við að taka þátt, ef þess þarf. Þjálfun á kjarna getur til dæmis verið að endurtaka eða útskýra fyrir mæli sem kennarinn gaf. Beina athygli barnsins á réttan stað eða aðstoða barnið við verkefni. Barn með stuðning er fyrst og fremst hluti af hópnum sínum og hópstjórinn er aðalkennarinn en þjálfvi er til staðar og grípur inn í ef þörf er á. Þegar barn þarf ekki aðstoð þá er hlutverk þjálfva að vera til staðar ef eitthvað kemur uppá. Þjálfvi getur sinnt öðrum börnum og verkefnum en þarf að vera laus í að stökkva til þegar þörf krefur.

Skil milli skólastiga

„Sveitarstjórn skal koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga“.

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Gera þarf grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámskrá hvers leikskóla“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 50)

Við erum þátttakendur í „Brúum bilið“ sem er rammi um samstarf leik- og grunnskóla frá Fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar. Leikskólinn er í samstarfi við Sjálandsskóla. Í upphafi hvers skólaárs er samráðsfundur kennara leik- og grunnskólans þar sem sett er fram samstarfsskjal um samvinnu skólaársins og skipuleggja samstarf vetrarins. Í lok skólaársins er samstarfið endurmetið.

Markmið með samstarfsskjalinu

- Að koma á samvinnu milli leik- og grunnskóla.
- Að skapa samfellu í námi barna á þessum tveimur skólastigum.
- Að byggja upp gagnkvæman skilning á þekkingu á starfi kennaranna á hvoru skólastigi.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að leggja drög að farsælu lestrarnámi barna.

(Brúum bilið, 2006)

Leiðir

- Fundur allra aðila á haustönn – línurnar lagðar og skipulagðar gagnkvæmar heimsóknir.
- Upplýsingar til foreldra um starfið, á báðum skólastigum.
- Leikskólinn nýti rými skóla þegar kostur gefst.
- Vettvangsheimsóknir á milli skólastiganna.
- Skólahópar leikskólabarna í grunnskólann að vori.
- Upplýsingum skilað til grunnskóla frá leikskóla að vori.

Lok leikskólagöngu

„Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólustjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess“

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

Þegar barn lýkur leikskólagöngu sinni er fyllt út eyðublað sem sem unnið hefur verið í tengslum við Brúum bilið verkefnið. Á blaðinu koma fram almennar upplýsingum um félagslega stöðu og þroska barnsins sem gagnast grunnskólanum til að taka sem best á móti barninu. Á fundi sem haldin er að vori hittast kennarar barnsins í leikskólanum, deildastjórar sérkennslu og yngri deilda grunnskólans. Á þeim fundi er þessum upplýsingum skila, með það að markmiði að mæta barninu sem best.

Í leikskólanum verða til ýmis önnur gögn er varða barnið, ávallt er gætt fyllsta trúnaðar við vörslu þessara gagna. Þegar barn hættir í leikskólanum verða engin gögn eftir í skólanum.

Vistunarsamningur fer í geymslu á þjóðskjalasafni, foreldrar fá afhent öll almenn gögn um barnið og viðeigandi gögn til skólaskrifstofu.

Foreldrar fá afhenta einstaklingsmöppu barnsins síðasta dag þess í skólanum, hún inniheldur:

- Foreldraviðtals eyðublöð.
- Einstaklingsmat.
- Námssögur.
- Úrvinnslu námssagna.

Það er mat foreldra hvort ofangreind gögn fylgi barninu í nýjan skóla.

Skólaskrifstofa:

- Gögn frá talmeinafræðingi leikskólans.
- Skil um stöðu barna sem hafa fengið sértæka íhlutun.

Skólaskrifstofu sem sér um að ofangreindar upplýsingum fari til grunnskólana.

Börn:

- Útskriftarmöppur.

Sami háttur er hafður á þegar barn færast á milli leikskóla eða fer í annan grunnskóla en samstarfsskólann þ.e. upplýsingagjöf og skil á gögnum.

Sama gildir um upplýsingagjöf þegar barn fer í annan leikskóla.

Áhersla á persónuleg samskipti

*„Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi, ummönnun og menntun barna á leikskólaaldri...“
(Lög um leikskóla, 2008 gr.1)*

Skólinn er okkar vinnustaður, bæði barnanna og fullorðinna. Það er okkar fullorðna fólksins að skapa jákvætt og gleðilegt andrúmsloft. Við mætum öllum með gleði og hlýju, hverjum sem er hvar sem er.

Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og eiga að sýna þeim gott fordæmi. Kennarar sýna börnum kærleika, hlýju, virðingu og umhyggju sem leiðir af sér öryggi og vellíðan barnanna og veitir þeim aukið sjálfstraust sem er grundvöllur alls náms.

„Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráði við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.“

(Lög um leikskóla, 2008 gr.9)

Það er okkur mikilvægt að samskipti séu opin, góð og gagnrýnin, og byggja á jákvæðni, nákvæmni og virðingu. Góð samskipti fela í sér kjarkinn til að segja það sem manni finnst á kurteisan og uppbyggilegan hátt. Opin samskipti fela í sér það að maður ræðir við þann sem á í hlut. Gagnrýnin samskipti fela í sér möguleikann á að rýna til gagns!

Í Aðalnámskrá kemur fram að dagleg samskipti í leikskólum þurfa að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur. Einnig þarf starfsfólk leikskóla að grípa þau tækifæri sem gefast til að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið og barnið þeirra og til að hlusta á hugmyndir foreldra. Að samaskapi er mikilvægt að foreldrar séu hvattir til að spyrjast fyrir um stafið í leikskólanum og leikskólagöngu barna sinna“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 48)

Foreldrar bera frumábyrgð á barni sínu og leikskólinn styður foreldra í uppeldi og menntun þeirra. Þátttaka foreldra og stuðningur við nám barna sinna er mikilvægur. Góð samskipti milli foreldra og kennara eru mikilvæg sem og virðing og traust. Samskipti milli kennara og foreldra eiga sér stað alla daga í leikskólanum. Formleg viðtöl eru í boði fyrir foreldra tvisvar sinnum yfir skólaárið. Alla jafna er þó ávalt í boði fyrir foreldrar að fá upplýsingar um stöðu barns síns og koma með athugasemdir. Ýmsar leiðir eru farnar til að koma upplýsingum til foreldra um starf skólans.

Innra mat

Samkvæmt lögum um leikskóla þá ber að gera innramat á starfi skólans. Markmið þess er m.a. að veita upplýsingar um starfið, tryggja að starfið sé í samræmi við lög og reglugerðir, auka gæði náms og stuðla að umbótum.

(Lög um leikskóla, 2008, kafli 7)

Við mat á skólastarfinu er haldin skráningu á öllu starfinu, bæði hópatímaskráningu og valtímaskráningu. Í lok hvers mánaðar gerir hópstjóri endurmat fyrir sinn hóp, hvað hefur áunnist, hvað má betur fara og setur sér síðan markmið fyrir næsta mánuð. Við vinnslu á ársskýrslu liggja þessi skráningarblöð til grundvallar endurmats á starfi skólans.

Hver hópstjóri heldur einstaklingskrá fyrir hvert barn í sínum hóp, þar sem hann skráir allar breytingar á þroska, bæði myndrænt og skriflega. Þessum skráningarblöðum er safnað í möppu sem er nýtt til grundvallar í foreldraviðtölum og fylgja barninu alla skólagöngu þess í skólanum. Þannig verður til heildar skráning yfir þroska barnsins á hverjum tíma fyrir sig.

Að auki er skólinn metinn frá hinum ýmsu sjónarhornum m.a. er lagt fyrir spurningakönnun fyrir foreldra, kennara og barnahópinn.